

Nr. 122 / 12 Kolbeinsey EA 252**Reykur í vélarrúmi**

Skipaskr.nr. 2678
Smíðaður: Hafnarfirði 2006, plast
Stærð: 11,3 brl. 14,8 bt.
Mesta lengd: 12,3 m Skráð lengd: 11,3 m
Breidd: 3,7 m Dýpt: 1,46 m
Vél: Yanmar 368 kW, 2006
Fjöldi skipverja:



Kolbeinsey ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 10. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Ólafi K. Ármannssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Pann 6. nóvember 2012 lá Kolbeinsey EA 252 við bryggju í Grundarfirði.

Skipstjóri ætlaði að gangsetja aðalvélina en hún fór ekki í gang. Hann tengdi saman rafgeymasett með neyðarstartbúnaði en þá steig mikill reykur upp frá vélarrúminu. Slökkvikerfi vélarrúmsins var ræst og kallað til slökkvilið staðarins sem reykræsti vélarrúmið.

Við skoðun á rafbúnaði kom í ljós að kapall frá rafgeymum í startara hafði hitnað þar sem losnað hafði upp á tengingu.

Við rannsókn kom fram:

- að ummerki eftir eld í vélarrúminu voru ekki sjáanleg. Aftur á móti var vélarrúmið svart af sóti eftir slökkvikerfið;
- að losnað hafði upp á tengingu við startara;
- að 24 V rafkerfi er í bátinum og við það að tengja saman tvö kerfi jókst orkan og olli mun meiri hita á losaralegri tengingu við startarann. Við þetta myndaðist reykur frá olíu og fitu;
- að eftir að vélarrúmið var reykræst sagðist skipstjóri hafa skafið kapalskóinn og hreinsað umhverfið af feiti og óhreinindum og hert tengingar.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var los á tengingum við startara.